



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 135/274

komudagur 20.11.2007

Alþingi
Nefndarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2007
Tilvísun: 200711-0008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sölu áfengis og tóbaks, 6. Mál, sala léttvins og bjórs.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um sölu áfengis og tóbaks, 6. mál, sala léttvins og bjórs.

Alþýðusamband Íslands vill benda á að einkasala ríkisins á áfengi er markviss leið til að stýra aðgengi að áfengi. Sterk rök eru fyrir því að einkasala ríkisins á áfengi dragi úr neyslu og þannig því tjóni sem af neyslunni getur hlotist. Benda má á að kostnaðurinn við að takmarka aðgang að áfengi með einkasölu ríkisins er lítill í samanburði við þann kostnað sem af áfengisneyslu getur hlotist.

Alþýðusambandið vill sérstaklega vara við hættunni af auknu aðgengi unglinga að áfengi verði frumvarpið að lögum. Hættan felst annars vegar í því að unglingar gætu mögulega átt auðveldar með að nálgast áfengi í almennum verslunum og ekki síður vegna þeirra skilaboða sem felast í því að selja áfengi sem „hverja aðra vöru“ í matvöruverslunum.

Alþýðusambandið vill jafnframt benda á að ýmsar aðrar hættur felast í frumvarpinu verði það að lögum. Í greinargerð þess segir m.a.: „Það eina sem myndi breytast er að versunin yrði í höndum þeirra sem eiga að sjá um verslun, þ.e. einkaaðila, og ekki yrði um að ræða eins sterkt skömmunarvald á þessari þjónustu af hendl hins opinbera og nú er.“ Þessi rök bera það með sér að verði frumvarpið samþykkt þá muni þess ekki langt að bíða að fram komi kröfur um að einkasala ÁTVR á sterku víni verði aflögð. Þessi krafa er í raun þegar komin fram í afstöðu Félags íslenskra stórkaupmanna til frumvarpsins en þar segir m.a. undir fyrirsögninni „Allt eða ekkert“: „Takmörkun frjálsrar sölu áfengis, við ákveðið áfengisinnihald eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, mun væntanlega leiða til kærumála vegna röskunar á samkeppni sem slíkt fyrirkomulag hefur í för með sér. FÍS er þeirrar skoðunar að afnám einokunar verði að ná til alls áfengis, án tillits til styrkleika þess.“ Áhrif frumvarpsins kunna því að vera meiri en flutningsmenn ætla.

Alþýðusambandið vill taka fram að há áfengisgjöld eru ein af þeim leiðum sem best eru talin gagnast við að stýra áfengisneyslu að mati fagmanna og kemur þar tvennt til; há áfengisgjöld draga úr neyslu og þau afla ríkisjóði tekna sem nýta má til forvarna. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er talin ástæða til að lækka þessi gjöld um allt að 50%. Í áður nefndri afstöðu Félags íslenskra stórkaupmanna til frumvarpsins kemur fram sú eindregna

skoðun félagsins að áfengisgjaldið verði að lækka til að skapa svigrúm fyrir hærri álagningu verslana en tíðkast hefur hjá ÁTVR, annars muni verð til almennings hækka, fákeppni aukast og draga úr aðgengi að góðum vínum.

Í ljósi þess sem að framan er rakið, mælir Alþýðusamband Íslands gegn samþykkt frumvarpsins.

F.h. Alþýðusambands Íslands


Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ